

Íslandsmót einstaklinga m/ forgjök 2010

Íslandsmót einstaklinga m/ forgjök 2010 verður haldið dagana 30. janúar - 07. febrúar 2010 í Keiluhöllinni.

Olíuburður auglýstur síðar.

Forkeppni laugardaginn 30. janúar, sunnudaginn 31. janúar, og mánudaginn 1. febrúar, þriðjudaginn 2. febrúar.

Spilaðir eru 6 leikir. 3. Leikir hvorn dag. Efstu 16 karlarnir og 12 konur halda áfram í milliriðil.

Verð í forkeppni kr. 4.000,-

Hægt er að velja milli tveggja rástíma:

Laugardaginn 30. janúar kl. 9:00 og sunnudaginn 31. janúar kl. 9:00. eða mánudaginn 1. febrúar kl. 19:00 og þriðjudaginn 2. febrúar kl. 19:00.

Milliriðill laugardaginn 6. febrúar kl. 9:00

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 8 karlar og 6 konur halda áfram í undanúrslit.

Verð í milliriðil kr. 2.600.-

Undanúrslit sunnudaginn 7. febrúar kl. 9:00

Spilað allir við alla, 8 karlar og 6 konur, einföld umferð.

Tveir efstu karlarnir og tvær efstu konurnar leika til úrslita strax að loknum undanúrslitum.

Verð í undanúrslit kr. 4.500 karlar og 3.200 konur.

Úrslit sunnudaginn 7. febrúar – strax að loknum undanúrslitum:

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu karla/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflisviðureignir teljast sem skipt viðureign (hálfst stig á hvorn). Ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður pinnafall. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga með forgjök.

Sjá nánar í Reglugerð KLÍ um Íslandsmót einstaklinga.

Skráning fer aðeins fram á netinu sjá nánar á kli.is. Skráningu lýkur miðvikudaginn 27. janúar klukkan 22:00. Skráning þarf að innihalda nafn, kennitölu og hvort óskað sé eftir að leika í fyrri eða seinni rástíma. Það er ekki hægt að leika í báðum rástímum.

Keppendur eru beðnir um að mæta með reiðufé til að greiða þátttökugjöld, eða greiða inn á reikning KLÍ áður en mót hefst.

Reikningsnúmer er 1175-26-002930, kt. 460792-2159

Mótanefnd KLÍ. Nefndin áskilur sér rétt til breytinga ef þykir.